



Fréttabréf Árskógarskóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

21. tölublað, 3. árgangur, maí 2014 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

Vissir þú að....

Við erum að búa til grænmetisgarð austan við skólann?!



Vísu maí

Fuglinn í fjörunni

Íslenskt þjóðlag
Þula

Fuglinn í fjörunni,
hann heitir már,
silkibleik er húfan hans
og gult undir hár,
er sá fuglinn ekki smár,
bæði digur og fótahár,
á bakinu svartur,
á bringunni grár,
bröltir hann oft í snörunni,
fuglinn í fjörunni.



Viðtöl grunnskóla- stigs 16. maí

Föstudaginn 16. maí eru viðtöl á grunnskólastigi. Foreldrar fá sent viðtalsboð í tölvu-
pósti nokkrum dögum áður.

Nemendur eiga að mæta með foreldrum í viðtalið.

Að öðru leyti eru nemendur í fríi þennan dag.

Kæra skólasamfélag

Gott fólk, gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn.

Aftur er komið að lokasprettinum! Já 2. starfsári nýs Árskógarskóla lýkur í sumar og má segja að þar sem er gaman líður tíminn hratt! Hér er markmiðið að nemendur hafi gaman og jákvæðni ríki, þeir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og temji sér metnað og þrautseigju. Í okkar fámenna skóla eru litlir sérfræðingar sem þurfa umhyggju og hlýju, fjölbreytt umhverfi og efnivið til leiks og náms til að öðlast alhliða þroska við útskrift héðan. Við reynum sífellt að koma til móts við þarfir hvers og eins, stilla upp námi og kennslu þannig að allir geti notið sín í leik og námi. Við vinnum með foreldrum að námi barnanna og mætum hverjum og einum þar sem hann er staddur. Í vetur hefur almennt tekist vel til í skólstarfinu, við ætlum að eiga frábæran endasprett og njóta mikillar útiveru, læra af náttúrunni og hverju öðru. Næsta vetur langar okkur að tengjast nærsamfélaginu betur, þ.e. bjóða t.d. eldri borgurum að koma og spila, kíkja í heimsóknir í fyrirtækin í sveitarfélaginu og fleira í þeim dúr.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.



Foreldrakönnun

Í apríl fór fram árleg foreldrakönnun fræðsluviðs í öllum skólum sveitarfélagsins. Þátttaka meðal foreldra í Árskógarskóla var mjög góð og nærri 100%, það er skemmst frá því að segja að fram kemur að foreldrar eru almennt mjög ánægðir með starfs skólans, nám, kennslu og starfsfólkið og telja að barninu sínu líði vel í skólanum. Við erum afar þakklát fyrir þessa niðurstöðu og það hversu vel hefur tekist til að búa til nýjan skóla. Í samþærilegri könnun í fyrra var einnig mikil ánægja eins og gjarnan er þegar nýr skóli hefur störf en að halda sjó og gera enn betur er einungis hægt þegar samvinna og jákvæð uppbyggileg gagnrýni er höfð að leiðarljósi.

Nú líður að lokum 2. starfsárs skólans og má segja að vel hafi tekist til og því full ástæða til að vera bjartsýn, halda áfram að vinna saman með það markmið að gera góðan skóla betri fyrir börnin.

Í Árskógarskóla vinnur metnaðarfullt starfsfólk, hér ríkir góður andi og það er það sem skilar árangri við mótun nýs skóla. Næsta vetur ætlum við að gera enn betur og halda ótrauð áfram að móta skólann. Margar góðar ábendingar komu fram í könnuninni sem við nýtum til jákvæðrar skólaþróunar náms og kennslu til að gera betur.

Vinsamlegast kynnið ykkur [niðurstöðurnar hér](#).



Vorhátíð og grænfánaflöggun

Miðvikudaginn 28. maí ætlum við að halda **vorhátíð Árskógarskóla**. Við byrjum kl. 10⁰⁰ þegar fulltrúi frá Landvernd afhentir nemendum **Grænfánann** til endurflöggunar og sem merki um gott starf að umhverfismálum. Fram til 13:30 verður ýmislegt í boði en þar má nefna:

- Hjólabraut (löggan kemur í heimsókn)
- Sápukúlur og kannski sundsprettur!
- Kubb, stóra fallhlífin, hárgreiðsla, andlitsmálning og margt fleira
- Grillaðar pylsur og djús
- Sól í boði og kaffi handa fullorðnum



Allir velkomnir, það verður gaman saman!

Nýr starfsmaður og nemandi

Linda Geirdal sem hefur starfað sem skólaliði hjá okkur hefur sagt upp og ætlar að leita á önnur mið. Hún varð svo fyrir því óláni að brjóta ökkla í vinnunni og kemur því ekki aftur til vinnu. Við munum sakna Lindu sem hefur reynst skólanum vel og óskum henni góðs bata og velfarnaðar í framtíðinni. Í hennar starf hefur því verið ráðin Berglind Sigurpálsdóttir og hefur störf 2. maí. Berglind þekkir vel til skólans þar sem hún vann hér á Kötluokoti á 1. starfsári. Berglind er ráðin sem skólaliði og bjóðum við hana velkomna til starfa.

Andrea Ýr byrjar hjá okkur í byrjun maí á Kötluokoti. Við viljum einnig bjóða hana velkomna til okkar.

Til foreldra barna fædd árið 2008

Þá styttist í það að börnin ykkar færast milli skólastiga. Foreldrar hafa fengið bréf um innritun í grunnskóla. Foreldrar barna sem eiga að hætta fyrir sumarfrí (síðasti dagur 11. júlí) á leikskólastigi verða að segja upp plássinu sínu með mánaðar fyrirvara. Ef það er ekki gert er reiknað með að börnin hætti um sumarfrí.

Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.






Vinsamlegast kynnið ykkur **skóladagatal 2013-2014** svo allt sé á hreinu!

Munið eftir **myndasafninu** á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



náms**A**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**O**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**ðing

Viðburðadagatal maí 2014

| Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|--|--|---|-------------|------------|
| | | | 1 Dagur verkalýðsins LOKAÐ | 2 | 3 | 4 |
| 5 Viðtöl leikskólastigs | 6 Viðtöl leikskólastigs Áróra 2 ára  | 7 Viðtöl leikskólastigs | 8 Viðtöl leikskólastigs | 9 Viðtöl leikskólastigs | 10 | 11 |
| 12 Matsmóppur grunnskólastigs heim | 13 | 14 Ruslahreinsun e. hádegi  | 15 | 16 Viðtöl grunnskólastigs Elsa 6 ára  | 17 | 18 |
| 19  Öfugsnúinn dagur | 20 | 21 | 22 | 23 Heimsókn í Hríseyjarskóla árgangur 2001- 2008. Tarzanleikur, sund ofl. | 24 | 25 |
| 26 | 27 | 28 Vorhátíð og endurflöggun Grænfánans  | 29 Uppstign- ingardagur LOKAÐ | 30 | 31 | |